



R02

Faggildingarmerki og tilvísanir í faggildingu

Verklags- og leiðbeiningareglur um notkun á faggildingarmerki ISAC og hvernig vísa skuli til faggildingar. Verklags- og leiðbeiningareglurnar eru í samræmi við:

- Lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.
- EA-3/01 M:2021 Conditions for the use of Accreditation Symbols, Logos and other claims of accreditation and reference to the EA MLA Signatory status
- ILAC P8 ILAC Mutual Recognition Arrangement (Arrangement): Supplementary Requirements for the Use of Accreditation Symbols and for Claims of Accreditation Status by Accredited Conformity Assessment Bodies

1. Aðeins ISAC má nota myndmerki (lógó) ISAC til auðkenningar. Myndmerki ISAC er eign ISAC.
2. *Faggildingarmerki* er myndmerki ISAC með faggildingarnúmeri, gerð samræmismats og faggildingarstaðli.
3. Samræmismatsstofur sem ISAC faggildir skulu fara eftir þessum reglum við notkun faggildingarmerkis ISAC.
4. Faggildingarmerkið er eign ISAC.
5. Aðeins samræmismatsstofur sem ISAC faggildir mega nota faggildingarmerki ISAC á bréfsefni, tilboð í verk, skýrslur, vottorð, vefsíðu, kynningarefni og annað efni sem tengist faggiltu samræmismatsstarfsemi.
6. Skýrslur og vottorð samræmismatsstofu sem innihalda faggiltar niðurstöður skulu bera faggildingarmerki ISAC eða tilvísun í faggildingu nema um annað sé samið í skriflegu samkomulagi milli samræmismatsstofu og viðskiptavinar hennar. Sé faggildingar samræmismats krafist samkvæmt lögum skulu skýrslur og vottorð þó ávallt bera faggildingarmerki ISAC eða tilvísun í faggildingu, nema lög kveði á um annað.

Ef við á má tilvísun til aðildar ISAC að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu fylgja faggildingarmerki ISAC eða tilvísun í faggildingu.
7. Ef samræmismatsstofa kys að nota ekki faggildingarmerkið getur hún notað eftirfarandi texta í staðinn til að gefa til kynna að hún sé faggilt: „<Nafn fyrirtækis> er faggilt af ISAC með faggildingarnúmerið <númer> fyrir <gerð samræmismats t.d. skoðun> samkvæmt kröfum <staðals> “. Sömu reglur gilda um textatilvísanir og fyrir faggildingarmerkið. Dæmi:

ÞÆÖ ehf er faggilt af ISAC með faggildingarnúmerið 999 fyrir skoðun samkvæmt kröfum ISO/IEC 17020. ISAC er aðili að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu fyrir skoðanir.
8. Samræmismatsstofa skal eingöngu vísa til faggildingar fyrir þá starfsemi og starfsstöðvar sem eru innan umfangs faggildingar hennar.

Faggiltar samræmismatsstofur sem einnig starfrækja útibú sem eru ekki undir faggildingu skulu tryggja að á sameiginlegum skjölum sem eiga við um öll útibú samræmismatsstofanna, ef vísað er til faggildingar í þeim eða þau innihalda faggildingarmerki, sé texti nálægt faggildingarmerkinu/tilvísuninni sem tilgreinir hvar hægt er að nálgast upplýsingar um umfang faggildingarinnar. Dæmi:

„Upplýsingar um skilyrði og umfang faggildingar er að finna á www....“ eða „Upplýsingar um skilyrði og umfang faggildingar eru aðgengilegar sé þess óskað“

9. Faggildingarmerki ISAC skal ekki nota á þann hátt að gefið sé í skyn að ISAC hafi vottað eða samþykkt vöru eða þjónustu samræmismatsstofunnar né á neinn annan villandi hátt.
10. Faggilta samræmismatsstofan ber ábyrgð á því að faggildingarmerkið sé notað á réttan hátt og tilvísanir í faggildingu séu réttar. Faggildingarmerki ISAC skal ekki vera notað á þann hátt að hættu sé á misskilningi á umfangi og stöðu faggildingar samræmismatsstofu.
11. Faggildingarmerki ISAC skal ekki nota á þann hátt að gefið sé í skyn að ISAC sé ábyrgt fyrir starfsemi faggiltrar samræmismatsstofu. Samræmismatsstofa skal ekki vísa til faggildingar til að gefa til kynna að ISAC hafi samþykkt vöru, ferli, þjónustu, kerfi eða einstakling. Samræmismatsstofur skulu tilkynna ISAC ef þær verða varar við ranga notkun á faggildingarmerki.
12. Ef vafi leikur á um rétta notkun á merkinu skal samræmismatsstofa leita upplýsinga hjá ISAC.
13. Skýrslur og vottorð samræmismatsstofu sem innihalda niðurstöður faggiltrar og ófaggiltrar starfsemi og/eða niðurstöður undirverktaka skulu vera skýrt merktar þannig að auðlesanlegt sé hvaða niðurstöður falla undir faggildingu og hverjar ekki. Ef skoðunarstofa festir skoðunarmiða á skoðuð eintök mega slíkir miðar ekki innihalda faggildingarmerki ISAC eða tilvísun til faggildingar nema um faggilta skoðun sé að ræða.
14. Skýrslur eða vottorð sem eingöngu innihalda niðurstöður frá ófaggiltri starfsemi skulu ekki bera faggildingarmerkið. Ekki skal á nokkurn hátt gefa í skyn að niðurstöður frá ófaggiltri starfsemi séu í samræmi við þá staðla sem faggilt er eftir, né við ákvæði samnings EA um gagnkvæma viðurkenningu, ef við á.
15. Ef faggildingarmerki er á skjölum eins og verktíloögum og viðskiptatillögum skal skýrt koma fram hverjir hlutar verksins eru undir faggildingu og hverjir ekki. Ef skjölin innihalda ekki tilvísun í starfsemi sem er faggilt skal faggildingarmerkið ekki vera á þeim.
16. Þegar faggilding er felld niður tímabundið skal samræmismatsstofa hætta að nota faggildingarmerkið á bréfsefni, vottorðum, skýrslum og verktíloögum. Einnig skal hún fjarlægja faggildingarmerkið af vefsíðu sinni og öðru kynningarefni.
17. Þegar faggilding er afturkölluð skal samræmismatsstofa tafarlaust hætta að vísa til faggildingar og hætta að nota faggildingarmerkið. Það felur einnig í sér að fjarlægja merkið af vefsíðu sinni og öðru kynningarefni.

18. Aðeins þeir aðilar sem ISAC hefur faggilt mega nota faggildingarmerkið. Þeim er heimilt að nota merkið frá þeim degi sem ISAC tekur ákvörðun um faggildingu.
19. Aðili sem notar faggildingarmerkið án þess að hafa hlotið faggildinguna eða gefur á annan hátt í skyn að hann sé faggiltur skal sæta sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.
20. Faggilt samræmismatsstofa skal ekki vísa til faggildingar sinnar sem vottunar og skal gera sömu kröfu til viðskiptavina sinna.
21. Faggiltar samræmismatsstofur skulu upplýsa viðskiptavinum sína ef viðskiptavinir vísa ranglega til faggildingar og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rétta notkun.
22. Faggiltar vottunarstofur skulu sjá til þess að viðskiptavinir þeirra vísi ekki til vottunar sem faggildingar.
23. Ef samræmismatsstofa vill nota faggildingarmerki eða vísa til faggildingar á annan hátt en minnst er á í þessu skjali skal hún leita samþykkis ISAC fyrir notkuninni.
24. Faggildingarmerkið skal notað eins og það er birt í þessu skjali og skal minnkað/stækkað í þeim hlutföllum sem birtast hér að neðan.
 - 24.1 Ef faggildingarmerkið er birt á heilli blaðsíðu að stærð A4 skal hæð þess ekki vera meiri en 25 mm og ekki minni en 15 mm. Stækka eða minnka má faggildingarmerkið hlutfallslega eftir stærð blaðsíðunnar en það má þó aldrei vera minna en 12 mm á hæð.
 - 24.2 Hlutföll faggildingarmerkisins eru 1:2. Dæmi 15 mm x 30 mm (h x b).
 - 24.3 Aðeins skal birta faggildingarmerkið á vefsíðu, bréfsefni, skýrslum, vottorðum, verktilboðum og öðrum gögnum:
 - a) ef myndmerki samræmismatsstofu er einnig birt
 - b) ef faggildingarmerkið er ekki meira áberandi en myndmerki eða nafn samræmismatsstofu
 - c) einu sinni fyrir hverja faggildinguna.
 - 24.4 Faggildingarmerkið skal aðeins nota í eftirfarandi litum og eru engar aðrar útgáfur af merkinu leyfðar:
 - a) einlitt: svart
 - b) einlitt: hvítt

- c) þrútt í ISAC litunum:
- Svart
- Rautt Pantone 1797 C
- Blátt Pantone 647 C
- 24.5 Samræmismatsstofur mega nota rafræna útgáfu af faggildingarmerkinu svo lengi sem þær uppfylla kröfur þessa skjals.
- 24.6 Samræmismatsstofur skulu uppfylla kröfur þessa skjals þegar þær birta faggildingarmerkið á vefsíðu sinni. Þær skulu að minnsta kosti sjá til þess að texti á merkinu sé læsilegur við skjáupplausn 1920 x 1080.
- 24.7 Samræmismatsstofur skulu sjá til þess að eftirprentun faggildingarmerkisins sé nákvæm, læsileg og án skemmda og/eða afbökunar.
- 24.8 Heimilt er að nota faggildingarmerkið með gegnsæjum bakgrunni en tryggja ber rétta meðhöndlun merkisins sbr. grein 24.7.
- 24.9 Faggildingarmerki innihalda annars vegar íslenskan texta og hins vegar enskan texta.
- 24.10 Faggildingarmerki ISAC í lit, hvítu og svarthvítu.





Breytingar frá síðustu útgáfu:

Tilvísun bætt við í inngangi í ILAC P8, ILAC Mutual Recognition Arrangement (Arrangement):
Supplementary Requirements for the Use of Accreditation Symbols and for Claims of Accreditation
Status by Accredited Conformity Assessment Bodies.

Texta bætt við grein 6:

Sé faggildingar samræmismats krafist samkvæmt lögum skulu skýrslur og vottorð þó ávallt bera faggildingarmerki ISAC eða tilvísun í faggildingu, nema lög kveði á um annað.

Ef við á má tilvísun til aðildar ISAC að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu fylgja faggildingarmerki ISAC eða tilvísun í faggildingu.

Texta bætt við grein 7:

ISAC er aðili að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu fyrir skoðanir.

Texta bætt við grein 13:

Ef skoðunarstofa festir skoðunarmiða á skoðuð eintök mega slíkir miðar ekki innihalda faggildingarmerki ISAC eða tilvísun til faggildingar nema um faggilta skoðun sé að ræða.

Texta bætt við grein 14:

Ekki skal á nokkurn hátt gefa í skyn að niðurstöður frá ófaggiltri starfsemi séu í samræmi við þá staðla sem faggilt er eftir, né við ákvæði samnings EA um gagnkvæma viðurkenningu, ef við á.

Texta bætt við grein 18:

Þeim er heimilt að nota merkið frá þeim degi sem ISAC tekur ákvörðun um faggildingu.